

Byggðasafn Árnesinga

Ársskýrsla 2013



Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2013	3
Starfsfólk	4
Húsakynni	4
Skráningarkerfi og aðföng	5
Aðstaða til varðveislu	7
Rannsóknir	7
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2013	8
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	12
Rjómabúið á Baugsstöðum	14
Samstarf	14
Fundir, námskeið og ráðstefnur	15
Kynningar- og markaðsmál	16
Kirkjubær	16
Héraðsnefnd og stjórn	18
Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2013 og eigið fé	19



www.husid.com



Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Formáli

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með hefðbundnum hætti árið 2013. Við söfnin var unnið að verkefnum samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum - að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.

Fjórar sérsýningar voru settar upp á árinu. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum. Í borðstofu var sett upp sýningin *Ljósan á Bakkanum*, og í Assistentahúsinu sýningin *Handritin alla leið* heim í samvinnu við Árnastofnun. Beitningaskúrinn var opnaður til sýningar.

Lagt var af stað með átak í skráningu og forvörslu safnmuna. Haustið 2012 fékk safnið fyrirtækið forvarslan.is til að aðstoða við áætlun í varðveislu safngripa. Mikið starf var unnið í geymslum safnsins við skráningu á aðföngum síðustu ára sem og frágangi á safnmunum til framtíðar samkvæmt leiðbeiningum forvarða.

Byggðasafn Árnesinga keypti húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka í desember 2011 og hyggst nýta til sýningahalds. Unnið var að endurbótum á húsinu á árinu og var skipt um bárujárn á þaki og veggjum. Innandyra var hafist handa um viðgerðir.

Opnunartími og gestafjöldi 2013

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 15. maí til 15. september kl. 11-18. Einnig var safnið opnað á safnahelgi í nóvember og einn dag á jólaföstu. Jafnframt var opnað fyrir skólum og hópum á öðrum tímum. Aðgangseyrir var kr. 800.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2013 varð 4.693, þar af 1.636 erlendir gestir og upb. 130 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2012 varð 4.297, þar af 1.057 erlendir og upb. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2010 varð 3.725, þar af 380 erlendir og 101 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áræðanleg talning starfsmanna. Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 154 gestir í gestabók. Gestir komu í margvíslegum erindagjörðum. Árið 2012 skrifuðu 103 í gestabókina.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, *safnstjóri* í 100% stöðu. Starfsvið safnstjóra er víðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks.

Linda Ásdísardóttir íslenskufræðingur BA og nemi í safnafræði, *safnvörður* í 100% stöðu, var í ólaunuðu námsleyfi frá miðjum janúar og út árið 2013.

Inga Hlín Valdimarsdóttir fornleifafræðingur starfaði sem safnvörður við safnið frá 1. febrúar og er með tímabundna ráðningu. Var Inga Hlín valin úr hópi 30 umsækenda. Störf hennar voru fyrst og fremst skráning og skyld störf sem og gæsla og leiðsögn í Húsinu og Sjóminjasafninu.

Jón Tryggvi Unnarsson starfaði í gæslu um sumarið aðallega í Sjóminjasafninu. Jón Tryggvi var ráðinn í 80% stöðu 1. febrúar og starfaði við skráningu og innri störf samhliða gæslu og leiðsögn. Hann hætti störfum 1. september. Jón Tryggvi var ráðinn fyrir tilstyrk Vinnumálasjóðs.

Elvar Ingimundarson guðfræðingur stóð vaktir í Húsinu og Sjóminjasafninu um sumarið.

Andri Erlingsson háskólanemi vann í hlutastarfi hluta sumars við gæslu í Húsinu á Eyrarbakka og Sjóminjasafninu.

Jensína Jensdóttir starfaði lítillega við gæslu og leiðsögn í Húsinu yfir sumartímann.

Unnur Arndísardóttir tók að sér ræstingu í Húsinu, Þjónustuhúsinu og Sjóminjasafninu í ársbyrjun en sagði starfinu lausu í byrjun september.

Lena Sigmundsdóttir réðst til ræstistarfa með haustinu.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Húsakynni

Tólf hús tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öll leyti.

Þjónustuhús með skrifstofu og aðalgeymslum safnanna er að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. (Sjá ljósmynd)

Húsið og Assistantahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrinn og útihúsin.

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59, Mundakotsskemma, geymsla að Þykkvaflöt 2 og Beitningaskúrin við Óðinshús.

Umsjón muna Þuríðarbrúar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjómbúsins á Baugsstöðum.

Byggðasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga eiga saman húseignina Austurmýri 21 á Selfossi sem er í útleigu og á söluskrá.



Byggðasafn Árnesinga keypti í árslok 2011 húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka og hyggst nýta til sýningahalds.

Ýmis viðhaldsverk bíða úrlausnar eins og viðgerð á brunni, viðgerð á grindverki milli Hússins og Assistantahússins og viðgerð á skorsteini Assistantahússins. Endursmíða þarf inngöngupallinn við Húsið en hann er farinn að gefa sig. Mörg viðhaldsverkefni bíða húseigna Sjóminjasafnsins.

Árið 2012 hófst Þjóðminjasafn Íslands handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Útihúsin voru byggð á tímabilinu 1910 til 1919 og ljóst er t.d. að fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu með steiptum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírætt.

Skráningarkerfi og aðföng



Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun og fer söfnunarstarf fram með sama hætti og á öðrum minjasöfnum landsins. Safnað er eftir söfnunarstefnu sem yfirfarin var án breytinga á árinu og staðfest endanlega af fagræði safnsins á fundi um haustið. Þar er helst að ekki er tekið við gripum annarsstaðar frá en af starfssvæði safnsins.

Ógjörningur er að taka við öllu því sem safninu býðst og er því munum oft hafnað einkum ef samskonar gripur er til á safninu. Einnig er ógjörningur að taka við plássfrekum gripum sökum takmörkunar varðveisluaðstöðu. Hvert tilvik verður að meta hverju sinni.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Á árinu 2011 var farið að skrá í gagnagrunninn Sarp 3.0 sem þróaður hefur verið undanfarin ár. Í framtíðinni verða öll gögn sem þar eru skráð aðgengileg á vefnum.

Rekstrarfélag Sarps opnaði með formlegum hætti ytri gátt gagnagrunnsins í september. Slóðin er www.sarpur.is og geta allir með nettengda tölvu skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira.

Skráð var 21 afhending við söfnin á árinu 2013, aðallega munir.

Í upphafi ársins voru ýmis aðföng frá síðustu árum óskráð, einkum ljósmyndir sem og stórar afhendingar. Á árinu var farið í átak við skráningu með ráðningu Ingu Hlínar Valdimarsdóttur og Jóns Tryggva Unnarssonar og eru í dag langflest aðföng síðustu ára skráð. Enn á þó eftir að skrá muni úr dánarbúi Helga Ívarssonar og muni frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka. Sömu leiðis á eftir að skrá jarðskjálftasögur frá 2008 í Þjóðháttaskrá safnsins.

Fjöldi færsla í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2013:

Munir: 6828, nýskráðir voru 698 munir. Ljósmyndir voru 6111 og voru 199 ljósmyndir nýskráðar á árinu.

Fornleifar skráðar í Sarp: 915.

Meðal muna sem safninu bárust má nefna skautbúning sem Þórdís Símonardóttir ljósmóðir á Eyrarbakka saumaði handa Ólöfu systur sína á Stokkseyri. Gefendur voru afkomendur Ólafar og fyrir þeirra hönd afhentu Albína og Þórdís Unndórsdætur búninginn. Úr Læknishúsi á Eyrarbakka komu garðyrkjuverkfæri bræðranna Ólafs og Sigurðar Péturs Gíslasona. Þór Magnússon afhenti safninu svipu úr eigu Sigríðar Kristínar Jónsdóttur frá Þverspyrnu í Hrunamannahreppi, smíðuð af Oddi Oddssyni. Safnið eignaðist einnig spunarokk smíðaðan af Gísla Brynjólfssyni í Haugi Gaulverjabæjarhreppi, teikningu Rutar Magnúsdóttur af Eyrarbakka og forláta heimasníðað þríhjól frá Brjánstöðum í Grímsneshreppi. Úr Laugardælavatni kom Haraldur Þórarinsson með forna exi sem framsend var Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu.

Gefendur 2013 voru:

Gísli Ragnar Kristjánsson	Sveinn Hjartarson
Anna Sigríður Pálsdóttir	Andreas Bergmann
Stefán Halldórsson	Þór Magnússon
Einar S. Hjartarson	Jóhann Jóhannson
Víkar Pétursson	Anna Kvist

Ingibjörg Júlíusdóttir

Þórný Björk Jakobsdóttir

Þórir Erlingsson

Albína Unndórsdóttir

Þórdís Unndórsdóttir

Sigga á Grund

Jóhann Gíslason

Haraldur Þórarinnsson

Hjördís Þorfinnsdóttir

Viborg Auður Ísleifsdóttir

Jón Áskell Jónsson

Bjarnfinnur Ragnar Jónsson.

Aðstaða til varðveislu

Safnmunir eru varðveittir í öllum byggingum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Varðveisluskilyrði eru misjöfn. Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga er góð aðstaða til varðveislu safnmuna en viðunandi víðast annarsstaðar. Mundakotsskemmu líður fyrir skort á viðhaldi og er aðgerða þörf. Í öllum húsunum, að undanskilinni Mundakotsskemmu, Beitningaskúrnum og útihúsunum, eru öryggiskerfi og í Húsinu og Assistentahúsinu vatnsúðunarkerfi að auki.

Árið 2012 vann fyrirtækið forvarsla.is úttekt á ástandi safngripa sem notuð var til leiðbeiningar við fyrirbyggjandi forvörslu. Úttekt forvarsla.is leiddi í ljós að framundan er mikið starf við forvörslu gripa. Um 44% gripa í aðalsal þurfa forvörslu við. Með tilkomu skýrslunnar var hafist handa við allra brýnustu aðgerðir en ljóst er þó að mikilla úrbóta er þörf á geymslu Sjóminjasafnsins, Mundakotsskemmu. Lagðar voru fram tillögur til úrbóta á síðasta stjórnarfundinum ársins 2012 og var unnið að skráningu og tiltektum á árinu 2013. Aukin áhersla var á innra starf á árinu 2013.

Rannsóknir

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Byggðasafn Árnesinga fékk styrk frá Safnasjóði til útgáfu á sögu Hússins á Eyrarbakka og fór safnstjóri því að rannsaka söguna að nýju eftir nokkurt hlé. Útgáfa fyrirhuguð á fyrrihluta 2014.

Safnið hefur fengið styrk frá Húsafriðunarsjóði til að vinna húsakönnun í dreifbýli Árnessýslu. Vinna við könnunina hófst á árinu með því að Inga Hlín Valdimarsdóttir safnvörður fór yfir Sunnlenskar byggðir I-III og Landsskrá fasteigna til að finna allar fasteignir í dreifbýli Árnessýslu byggðar 1940 og fyrr.

Saga Þórdísar Símonardóttur var efni sumarsýningar Byggðasafns Árnesinga og fór töluverður tími Lýðs Pálssonar, Margrétar Sveinbjörnsdóttur og Eyrúnar Ingadóttur í að rannsaka sögu hennar og samtíðar og einnig var gerð skrá yfir ljósmæður í Árnesþingi og sá Jón Tryggvi Unnarsson um það verk með aðstoð Margrétar.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á vefsíðunni www.husid.com er afrakstur rannsóknastarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Við safnið vann Sólveig Beck Guðmundsdóttir fornleifafræðingur að rannsóknum á þróun og gerð íslenska kvarnasteinsins. Fékk hún aðstoð hjá safnstjóra við að rannsaka gripina. Safnstjóri aðstoðaði jafnframt Guðmundu Ólafsdóttur sagnfræðing við heimildaöflun vegna gamalla húsa í Sveitarfélaginu Árborg.

Þrátt fyrir námsleyfi sitt þá sat Linda Ásdísardóttir í stýrihóp Norsam, netverk samtímasöfnunar og -rannsókna á Norðurlöndum árið 2013. Sótti hún einn fund á árinu en var í netsambandi að öðru leyti. Unnið hefur verið við samtímasöfnun við Byggðasafn Árnesinga allt frá árinu 1999 og hefur safnið verið mjög virkt á þessu vettvangi undanfarin ár, bæði með sýningarhaldi og þátttöku í stórum samstarfsverkefnum með góðum árangri.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2013

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka fer aðallega fram í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka og í sýningahúsi að Túngötu 59. Ákveðnu rými í báðum söfnunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum.

Á þorra var boðið upp á sýningu um þorrann fyrir elstu deildir leikskóla og yngstu bekkir grunnskóla. Aðsókn væri meiri ef skólayfirvöld létu skólastofnunum í té meira fjármagn til ferða.

Þann 10. maí var opnuð sýningin *Handritin alla leið heim – skáldskaparfræði* í tilefni af 350 ára afmæli Árna Magnússonar handritasafnara.



Frá opnun sýningarinnar Handritin alla leið heim. Gísli Sigurðsson, Lýður Pálsson og Charlotte Böving við sýningarstandinn.

Sýningin var samstarfsverkefni safnsins og Árnastofnunar. Sýningin fjallar um söfnunarstarf Árna Magnússonar handritasafnara. Til sýnis var eftirgerð af handritinu Skáldskaparfræði sem Árni fékk senda frá sr. Halldóri Torfasyni presti í Gaulverjabæ árið 1691. Í handritinu er m.a. Snorra-Edda. Sýningin var styrkt af Menningarráði Suðurlands. Við opnunina kom Charlotte Böving leikkona nákvæmri eftirlíkingu handritsins fyrir á sýningunni og Gísli Sigurðsson íslenskufraeðingur fylgdi því úr hlaði. Alls voru settar upp sex slíkar örsýningar í samstarfi við söfn og heimamenn víða um land. Forvörður Árnastofnunar, Hersteinn Brynjólfsson, var höfundur endurgerðanna, Finnur Arnar Arnarson sýningarhönnuður. Upplýsingar um handritið og Árna Magnússon var að finna í bæklingi á nokkrum tungumálum og örsýningunni þar sem handritið er miðpunkturinn. Sýningin var opnuð í borðstofu Hússins 10. maí en færð skömmu síðar yfir á kirkjusýningu í Assistentahúsi.

Fjölmenni var við opnun sumarsýningar Byggðasafns Árnesinga *Ljósan á Bakkanum* sem opnaði föstudaginn 24. maí í Húsinu á Eyrarbakka. Sýningin fjallar um líf og störf Þórdísar Símonardóttur, ljósmóður á Eyrarbakka 1883–1926. Á sýningunni er sjónum beint að aðstæðum fæðandi kvenna á þessum tíma, starfsaðstæðum og kjörum ljósmæðra, sem flestar urðu að vinna önnur störf meðfram ljósmóðurstarfinu. Þórdís flutti á Eyrarbakka 1883 tæplega þrítug að aldri, bjó þar í hálfa öld og sinnti lengst af ljósmóðurstörfum. *Ljósan á Bakkanum* er samstarfsverkefni Byggðasafns Árnesinga,



**Þórdís Símonardóttir
ljósmóðir. (Ljósm. Sigfús
Eymundsson/ Þjms)**

Brúarsmiðjunnar og Eyrúnar Ingadóttur sagnfræðings og höfundar bókarinnar



**Þau komu að gerð sýningarinnar *Ljósan á Bakkanum*:
Eyrún Ingadóttir, Margrét Sveinbjörnsdóttir, Jón
Tryggvi Unnarsson, Lýður Pálsson og Inga Hlín
Valdimarsdóttir.**

Ljósmóðirin sem kom út haustið 2012 og fjallar um Þórdísi ljósmóður. „Þetta er áhugaverð sýning og ástæða til að hvetja fólk til að fá sér bíltúr og skoða Húsið á Eyrarbakka. Börnin hafa líka bæði gagn og gaman af að skoða gamla muni og spá aðeins í tilveruna eins og hún var í gamla daga,“ segir í umfjöllun um sýninguna í Dagskránni á Selfossi. Vegna góðar viðtöku gesta var ákveðið að framlengja sýninguna til 15. september 2014. Sýningin var styrkt af Menningarráði Suðurlands og Safnaráði.

Í sumarbyrjun var í forsal Sjóminjasafnsins opnuð skjásýning á vélbátum frá Eyrarbakka. Hér var um að ræða sýningu sem opnuð var 1998 á vegum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og var efni hennar komið í stafrænt form. Safnið fékk að gjöf skjá frá fyrirtækinu Máni ÁR 70 ehf. Skjárinn býður upp á fjölbreytta möguleika í sýningahaldi.

Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin laugardaginn 22. júní og var þá líf og fjör. Dagskrá var fyrir börn og fullorðna við Sjóminjasafnið um morguninn. Brúðuleikhúsið kom og flutti leikrit. Um daginn var kíló á



Á Jónsmessuhátíðinni á Eyrarbakka var Byggðasafni Árnesinga afhentur til eignar skautbúningur saumaður af Þórdísi Símonardóttur ljósmóður. Skautbúninginn saumaði Þórdís upp úr 1880 fyrir systur sína Ólöfu Ingibjörgu. Skautbúningurinn var afhentur af Þórdísi Unndórsdóttur langömmubarni Ólafar fyrir hönd afkomenda hennar. Á ljósmyndinni, sem tekin var á sýningunni Ljósan á Bakkanum, eru þær systur Albína (lengst til vinstri) og Þórdís ásamt Oddnýju Kristjánsdóttur (t. hægri) klæðskera sem tók við búningnum fyrir hönd safnsins og klæddi á gínu. Skautbúningurinn er á milli þeirra.

Kaupmannstúninu og um kvöldið sungu hátíðargestir saman í stásstofu Hússins samkvæmt hefð svo undir ómaði við undirleik Heimis Guðmundssonar sem spilaði á píanóið forna.

Söfnin voru þátttakendur á Íslenska safnadeginum sem að þessu sinni var haldinn fyrsta sunnudag í júlí eða 7. júlí og var boðið upp á ókeypis aðgang og sérstaka leiðsögn.

Byggðasafnið aðstoðaði við gerð tveggja sýninga á Selfossi í júlí. Í tengslum við Landsmót UMFÍ aðstoðaði safnstjóri Minjasnefnd HSK við að setja upp sögusýningu um landsmót sem haldin hafa verið á starfssvæði

Héraðssambandsins Skarphéðins. Einnig lánaði Byggðasafn Árnesinga ljósmyndir frá Brúarsýningunni 1991 til að setja upp í aðalsal Tryggvaskála um sumarið.

Aldamótahátíð á Eyrarbakka var haldinn að forgöngu eigenda gamla frystihússins á Eyrarbakka 10. ágúst. Dagskráin var með aldamótasniði með kappslætti, fornbílaakstri, sýningum, söngvum og dansi auk þess sem blásið var til brúðkaups hænu og hana. Aldamótaaðgangseyrir var að söfnunum og túnið opið sem vettvangur dagskráratriða sem og torgið fyrir kjötsúpuát. Um kvöldið var við Vesturbúðarhólinn boðið upp mikla kjötveislu þar sem snæða mátti á allskonar dýrum.



Söguganga um slóðir Þórdísar ljósmóður var farin frá Húsinu á Eyrarbakka laugardaginn 10. ágúst kl. 15.00. Lagt var upp frá Húsinu og tók gangan um klukkutíma. Það var Eyrún Ingadóttir sagnfræðingur og höfundur bókarinnar Ljósmóðurinnar, sögulegrar skáldsögu um Þórdísi Símonardóttur, sem rólta með fjölmennu föruneyti um Bakkann og sagði frá húsum og fólki sem tengdist lífi ljósmóðurinnar. Það vildu ansi margir feta í slóð hennar. Spár gerðu ráð fyrir svona 30 til 50 manns en í gönguna fóru um 250 manns.

Bakinn alþýðu- og hljómbær tónlistarhátíð stóð yfir á Eyrarbakka frá 15. til 18. ágúst. Þar komu fram hinir ýmsu alþýðutónlistarmenn þessa lands sem og erlendis frá. Fimm tónleikar á hátíðinni voru haldnir í Húsinu og Sjóminjasafninu. Í stásstofu Hússins spiluðu My sweet baklava, Ómar Diðriks og Sveitasynir, Jakob Viðar og UniJon-dúettinn. Svavar Knútur var með mjög skemmtilega tónleika í Sjóminjasafninu sem urðu lokaatriði

hátíðarinnar. Góður rómur var gerður af allri dagskránni og vonandi að tónlistarhátíðin Bakkinn verði að árvissum viðburði. Góð aðsókn varð á alla tónleika hátíðarinnar.



Kartöflur úr Kanínugarðinum við Húsið á Eyrarbakka. Níu sortir af íslenskum kartöflum.

Erfðanefnd landbúnaðarins og Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka héldu þann 14. sept. málþing um kartöfluna. Dagur kartöflunnar var haldin til að minna á mikilvægi þess að viðhalda ræktun hennar og eins til að sýna þann breytileika sem finnst í kartöfluyrkjum hér á landi.

Flutt voru fróðleg erindi um norrænt samstarf og varðveislu erfðaaauðlinda, áhrif kartöflunnar á þéttbýlismyndun á Íslandi og nýtingu kartöflunnar. Áslaug Helgadóttir ræddi norrænt samstarf

um varðveislu kartöflunnar, Hildur Hákonardóttir um áhrif kartöflunar á þéttbýlismyndun á Íslandi og Brynhildur Bergþórsdóttir kynnti nýtingu kartöflunnar á margvíslegan og nýstárlegan hátt. Tekið var upp úr kartöflugarði byggðasafnsins og gestum gefst kostur á að sjá mismunandi kartöfluyrki.

Byggðasafn Árnesinga var þátttakandi í Safnahelgi á Suðurlandi 2.-4. nóvember. Sýningar safnsins í Húsinu voru opnar upp á gátt og boðið upp á leiðsögn um þær. Beitningaskúrin var einnig hafður opinn með nýrri sýningu. Sjá um hana í kaflanum um Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Bókaupplestur var í Húsinu á Eyrarbakka laugardaginn 7. desember og hófst kl. 16 í stásstofunni. Fjórir rithöfundar lásu úr verkum sínum, Þór Magnússon fyrrv. Þjóðminjavörður sagði frá ritinu *Íslensk silfursmíð*. Sigríður Jónsdóttir í Arnarholti las úr ljóðabók sinni *Undir ósýnilegu tré*. Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir kynnti og las úr skáldsögunni *Stúlka með maga*. Guðni Ágústsson kynnti bók sína *Léttur í lund* og sagði skemmtilegar sögur af sjálfum sér og öðrum.

Jólasýning Byggðasafns Árnesinga í Húsinu Eyrarbakka var opin sama dag frá kl 13.00 til 16.00. og var jólakaffi á boðstólunum.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tók þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna og sótti safnstjóri einn fund með sambandinu. Markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta.

Í forsal Sjóminjasafnsins var sett upp skjásýning með ljósmyndum af gömlum vélbátum frá Eyrarbakka. Um var að ræða stafræna endurvinnslu á sýningu frá árinu 1997 sem Sjóminjasafnið á Eyrarbakka stóð fyrir í Samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka um sögu vélbátanna á Eyrarbakka. Máni ÁR 70 ehf gaf vandaðan skjá til að sýna myndirnar.

Uppbygging og opnun Beitningaskúrsins var helsta verkefni Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á árinu 2013. Á árinu 2011 og 2013 var aflað upplýsinga um sögu Beitningaskúrsins og lögð fram áætlun um sýningu þar. Unnið var úr viðtali við Jóhann Jóhannsson útgerðarmann sem þekkir sögu skúrsins mæta vel. Talað var við fleiri kunnuga Eyrbekkinga, þar á meðal Garðar Hannesson frá Litlu-Háeyri og Gunnar Olsen.



Í nóvemberbyrjun var Beitningaskúrin við Óðinshús opnaður til sýningar. Beitningaskúrin var byggður 1925 á blómaskeiði vélbátaútgerðar á Eyrarbakka. Það var aðgerðahús, netaverkstæði og einnig var þar beitt. Hin svonefnda Austurbryggja eða Heklubryggja var fyrir neðan Beitningaskúrin en hann stóð í röð margra slíkra húsa sem einu nafni nefndust Byrgin.

Sýningin vekur athygli á sögu Beitningaskúrsins, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig er sagt frá vinnuaðferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrin var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafriðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útflattur bátur á vesturhlið hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrin vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit.

Ráðgjafar við uppsetningu sýningarinnar voru Finnur Arnar og Þórarinn Blöndal. Safnasjóður hefur veitt styrk til verksins, sömuleiðis Menningarráð Suðurlands.

Annað stórt verkefni sem unnið var að á vegum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var viðgerð á gamla Slökkvibílnum. Árið 1957 var fyrsti slökkvibíllinn keyptur til Eyrarbakka. Það var Chervolet árgerð 1942 sem keyptur var notaður frá Hafnarfirði. Hann var í notkun til 1983 þegar keyptur var nýr bíll. Sá gamli var ekki seldur en síðar gefinn til Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Honum var til aldamóta haldið við og keyrður reglulega. Vegna hreyfingarleysis og lítils viðhalds undanfarinn áratug var ekki lengur hægt að keyra bílinn. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Þeir hafa síðan málað bílinn að utan þar sem þess var þörf, gert við hemla, vatnsdælu og annað sem að var á bílnum. Útlagðan kostnað greiddi safnið en vinnu sína við bílinn gáfu þeir. Á Jónsmessuhátíð og Aldamótahátíðinni á Eyrarbakka var bílnum ekið á Eyrarbakka, Eyrbekkingum til ómældrar ánægju.

Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi þuríðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar. Sveitarfélagið Árborg hefur sótt um styrki til að gera upp búðina sem látið hefur á sjá undanfarin ár. Jafnframt hefur safnið lagt fram áætlun um sýningahald í þuríðarbúð. Guðjón Kristinsson vann að viðgerðum á þuríðarbúð um sumarið.

Rjórabúíð á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjórabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búíð varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjórabúíð er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.



Úr Rjórabúinu á Baugsstöðum. (Ljós. Gunnar Sigurgeirsson)

Andri Erlingsson og Erlingur Brynjólfsson sáu um gæslu í rjórabúinu um helgar í júlí og ágúst. Siggeir Ingólfsson hefur einnig lykla að rjórabúinu og opnaði hann fyrir nokkrum hópum.

Styrkur fékkst frá Húsafriðunarsjóði til að leggja bárujárn á þak. Bræðurnir Guðmundur og Gísli Kristjánssynir skiptu um bárujárnið í október en framundan er

að fara um veggj búins með sömu aðferð; bárujárnið sem sett var á rjórabúíð um 1971 er farið að lýjast. Sömuleiðis eru gluggar farnir að láta á sjá.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari.

Til sölu í rjómabúinu er ritið Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Gestafjöldi ársins 2013 varð 360 manns sem var sami fjöldi og árið áður. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjómabúið á Baugsstöðum en 602 gestir árið 2009.

Samstarf

Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem munu hafa áhrif á starfsemi safnsins.

Í þriðja kafla Safnalaga nr. 2011/141 er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Samkvæmt lögnum geta einungis viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Reglugerð um viðurkenningu safna var undirrituð af ráðherra í október. Byggðasafn Árnesinga, eins og fjölmörg önnur íslensk söfn, sótti í nóvember um viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt Safnalögum. Ráðherra veitir safni viðurkenningu eftir tillögu Safnaráðs. Töluverð vinna fólst í að kanna og uppfylla kröfur sem gerðar eru til safna um viðurkenningu Safnaráðs. Úrskurðar er að vænta snemma árs 2014.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Samstarf er á meðal þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnun og skráningu samtímaminja eftir SAMDOK aðferðinni sem felst í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra minjasafna Sarpi. Safnstjóri er í fulltrúaráði Rekstrarfélags Sarps og sat þar þrjá fundi hjá fulltrúaráðinu á árinu. Safnstjóri er jafnframt varamaður í stjórn. Í ársbyrjun 2013 gekk safnstjóri upp í stjórn Sarps vegna afsagnar aðalmanns hans. Sat safnstjóri fjóra fundi hjá stjórn Sarps sem urðu annarsamir vegna framkvæmdastjórnaskipta, opnun ytri vefjar Sarps og hugsanlegs samstarfs við Landskerfi bókasafna. Á aðalfundi Sarps í maí gekk safnstjóri aftur niður í varastjórn Sarps.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands sem varð til með sameiningu Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar ríkisins með gildistöku nýrra þjóðminjalaga 1. janúar 2013.

Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningamálum á Suðurlandi. Safnstjóri er gjaldkeri samtakanna.

Safnstjóri situr í stjórn Fischerasetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga.

Fundur, námskeið og ráðstefnur

Báðir fastráðnir starfsmenn safnsins eru í háskólanámi meðfram vinnu. Lýður Pálsson nemur meistaranám í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ. Námið hófst í ágústlok 2010 og á nú einungis lokaverkefni eftir. Linda Ásdísardóttir hóf MA-nám í safnafræði við Háskóla Íslands í ágúst 2011.

Starfsmenn Byggðasafns Árnesinga sóttu eftirtalin námskeið, opna fundi og ráðstefnur á árinu 2013:

Lýður Pálsson sat námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands um stöðu stjórnandans á vinnustað.

Fundur var haldinn hjá húsasafni Þjóðminjasafns Íslands þann 9. apríl í Þjóðminjasafninu þar sem Þjóðminjasafnið boðaði á fundinn þá aðila sem hafa umsjón með byggingum húsasafnsins. Lýður Pálsson sótti fundinn en Húsið á Eyrarbakka er hluti af húsasafninu.

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn í Reykjavík dagana 25.-27. september. Þema farskólans var sýningar. Lýður Pálsson, Inga Hlín Valdimarsdóttir og Linda Ásdísardóttir sóttu farskólann.

Lýður Pálsson sótti námskeið um norðurljós hjá Fræðsluneti Suðurlands í nóvember.

Kynningar- og markaðsmál

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða, m.a. í sunnlenskum fjölmiðlum. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í flestum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi.

Heimasíðan www.husid.com er haldið lifandi með uppfærslu fréttar af

starfseminni og róteringu ljósmynda á forsíðu. Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar. Samningi við Tikk-takk ehf var sagt upp um vefumsjónarkerfi og hýsingu síðunnar. Samið var við Bob van Duin á Eyrarbakka um að setja upp nýja síðu í Wordpress-vefkerfinu. Síðan er hýst hjá 1984 ehf. Ný síða leit dagsins ljós í nóvember.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“ og sömuleiðis halda hollvinir Hússins undir forystu Elínar Hansen í Minneapolis utan um síðuna „Descendants of



The House (Húsið á Eyrarbakka)“. Safnið var með kynningarefni á Sunnlenskum sveitardegi að Austurvegi 69 á Selfossi þann 4. maí. Safnið var kynnt með annarri ferðapjónustu á Eyrarbakka öðru hverju á árinu.

Safnið er þátttakandi í starfi Markaðsskrifstofu Suðurlands. Davíð Samúelsson framkvæmdastjóri mætti á einn fagráðsfund og voru ræddar þar mögulegar nýjar leiðir við kynningu á safninu.

Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær verður nýttur til sýningahalds og garðurinn umhverfis verður almenningsgarður. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga verður varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934. Áður en kom til kaupa á húsinu var gerð viðgerðar- og kostnaðaráætlun. Stjórn safnsins ákvað í kjölfarið að kaupa húsið og láta gera það upp í samræmi við niðurstöður hennar.

Á fundi stjórnar Byggðasafns Árnesinga þann 24. janúar 2012 var samþykkt að koma á fót hugmyndateymi um sýningahald í Kirkjubæ á Eyrarbakka. Auk þess var samþykkt að fá Jon Nordsteien arkitekt til hönnunarvinnu og að forgangsraða í viðgerðum Kirkjubæjar



Á fundum hugmyndateymis var ákveðið að sýning í Kirkjubæ fjalli um heimili alþýðufólks á Eyrarbakka í kringum 1930. Sýningin myndi mótvægi við sýningu í Húsinu þar sem sýnt er heimili yfirstéttar. Hluti hússins verður notað sem móttöku- kennslu- fræðslu- og skemmtimenntunarrými. Í lok apríl 2012 var farið á fund Jons Nordsteien og niðurstöður hugmyndateymisins kynntar fyrir honum.

Þá hófst vinna safnstjóra, smiðanna Gísla og Guðmundar Kristjánssona ásamt Joni Nordsteien við að lesa í húsið um leið og allt „modern“ úr húsinu var fjarlægð, þ.e. seinni tíma viðgerðir og viðbætur. Fór sú vinna fram öðru hverju fram í september. Á grundvelli þess sem innri viðir hússins gáfu í ljós vann Jon Nordsteien nýjar teikningar að Kirkjubæ. Teikningar voru lagðar fyrir stjórn Byggðasafns Árnesinga og Skipulags og bygginganefnd Árborgar í september. Þar var ákveðið að breytt notkun úr íbúðarhúsi í safnhús yrði grenndarkynnt. Við grenndarkynningu í október barst ein jákvæð athugasemd. Framundan er uppbyggingarstarf.

Garðinum var haldið í horfi og var fyrsta skrefið að skrá niður plönturnar í garðinum eins og hann er núna. Eftir á að taka ákvörðun um hvernig hann verður hannaður.

Árið 2013 var Kirkjubær gerður upp að utan og tóku Gísli og Guðmundur Kristjánssynir verkið að sér. Járn á þaki og veggjum tekið niður á öllu húsinu, endurnýjað á baðstofu og suðurskúr. Gert við múr útveggja norðurskúrs. Reykháfur verður endurgerður. Gluggar og tréverk endurnýjað. Innandyra var leitast við að finna upprunalegt útlit hússins. Gólf í suðurskúr var steipt að nýju. Fyrirhugað er að klæða vegg og loft með panil og setja gamlar gólfjalir í gólf. Veggur milli eldhúss og baðstofu verður endurbyggður og málning fjarlægð af gólfi. Norðurbíslag eða skemman verður höfð „hrá“að útliti eins og fyrrum var.

Viðgerðum á Kirkjubæ lýkur vorið 2014.

Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur nokkurra stofnanna á héraðsvísu.

Arna Ír Gunnarsdóttir er formaður fagráðs, einnig eru í fagráðinu Guðmundur Þór Guðjónsson og Eva Marín Hlynisdóttir. Guðmundur Þór sagði sig úr fagráðinu um haustið og kom þá nýr inn í fagráðið Róbert Hlökkversson.

Fagráðsfundir urðu sjö á árinu. Fagráðsformaður er jafnframt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga. Á fundum fagráðs eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við fagráðið. Einnig mál sem fagráðsmenn leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2013

Rekstrartekjur	Þús. kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag	20.200
Safnasjóður, rekstrarframlag og verkefnastyrkir	2.500
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	4.600
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	1.667
Styrkir og önnur framlög	1.980
Aðrar tekjur	1.206
Húsaleigutekjur	600
	32.753
Rekstrargjöld	
Laun og launat. gjöld	20.773
Annar rekstrarkostnaður	9.271
Rekstur fasteigna	2.051
Endurgerð Kirkjubæjar	5.703
Afskriftir	1.147
	38.947
Hagnaður (Tap) fyrir fjármagnsliði	(6.193)
Vextir og verðbætur	356
(Tap) ársins	(5.837)

Eigið fé safnsins í fasteignum og bankainnistæðum nam 38,4 milljónum króna í árslok.

Eyrarbakka 1. apríl 2014,

Lýður Pálsson

safnstjóri.